

LÖG

**um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.,
lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2005“ í ákvæði X til bráðabirgða í lögnum kemur: 31. desember 2006.

2. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af vetrnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimild þessi nær eingöngu til vetrnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun og gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað upphæðarinnar „120.000“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögnum kemur: 240.000.

5. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetrni, eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Undanþága þessi gildir til 31. desember 2008.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

6. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetrnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

**IV. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

7. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að fella niður eða endurgreiða toll af sérhæfðum varahlutum í vetrnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármála-ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.

V. KAFLI

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.